

# Ritrynar Læknablaðsins 2004 og 2005

Það er gömul hefð læknablaða að birta með reglubundnum hætti lista yfir þá sem lagt hafa útgáfunni lið með kröftum sínum og stuðlað að auknu vísindalegu gildi þeirra fræðigreina sem sendar eru til blaðsins. Allar fræðigreinar sem berast Læknablaðinu eru sendar í ritryni utan ritstjórnar. Umsagnir ritryna eru sendar höfundum ásamt athugasemdum ritstjórnar sé þeim til að dreifa. Sú meginregla gildir að greinarhöfundar fá ekki að vita hver ritrynir og ritrynar vita ekki um greinarhöfunda.

Á árinu 2005 urðu þau merku tíðindi á 90 ára ferli Læknablaðsins að það hlaut náð fyrir augum bandaríska vísindagagnabankans Medline og skráning ritstjórnargreina og fræðigreina hófst. Þetta felur í sér mikla upphefð fyrir blaðið og vísindaefni sem birt er í Læknablaðinu öðlast annað og meira gildi en áður var vegna þessarar skráningar. Þetta felur jafnframt í sér auknar skyldur og gæðaeftirlit af blaðsins hálfu og eitt með öðru er að frá árinu 2005 fá langflestar vísindagreinar ritryni tveggja aðila. Fyrir vikið þarf blaðið að kalla til fleiri glögg augu en áður og

vonast til þess að úti á akrinum sýni menn áfram velvilja og skilning á þessu hlutverki sem kemur öllum til góða.

Starf ritrynis felur ekki í sér nein laun eða umbun af nokkru tagi fyrir viðkomandi og því vill Læknablaðið ítreka bestu þakkir fyrir gott unnið verk til allra þeirra sem ritrynt hafa í þágu blaðsins á liðnum árum. Án þessara ómetanlegu krafta væri ekki hægt að gefa út blað í nafni lækna þar sem birtar eru vísindagreinar sem standa undir nafni.

Hér er birtur listi yfir þá sem ritryndu greinar sem birtust í Læknablaðinu árin 2004 og 2005.

Í ritstjórn Læknablaðsins hafa setið þessi tvö ár Emil L. Sigurðsson, Hannes Petersen, Jóhannes Björnsson, Karl Andersen, Ragnheiður Inga Bjarnadóttir og Vilhjálmur Rafnsson ábyrgðarmaður. Þann 1. desember 2005 að telja var sett á laggirnar ný ritstjórn, skipuð sem hér segir: Bryndís Benediktsdóttir, Engilbert Sigurðsson, Karl Andersen, Þóra Steingrimsdóttir og Jóhannes Björnsson ritstjóri og ábyrgðarmaður.

Védís

Skarphéðinsdóttir

## 2004

Aðalsteinn Guðmundsson  
Ársæll Kristjánsson  
Ásgeir Theódórsson  
Ástráður B. Hreiðarsson  
Brynjólfur Kristjánsson  
Bjarni Torfason  
Björn Guðbjörnsson  
Björn Magnússon  
Davíð O. Arnar  
Elías Ólafsson  
Fritz Berndsen  
Haraldur Sigurðsson  
Hulda Hjartardóttir  
Ingólfur Kristjánsson  
Jón Hersir Elíasson  
Karl Kristjánsson  
Kristinn Tómasson  
Kristján Guðmundsson  
Martin Grabowski  
Matthías Halldórsson  
Ólafur Þór Gunnarsson  
Pétur Lúðvíksson  
Rafn Benediktsson  
Ragnar Sigurðsson  
Sigurbjörn Birgisson

Sigurður Ólafsson  
Sigurður E. Sigurðsson  
Stefán Yngvason  
Tryggvi Þórir Egilsson  
Unnur Steina Björnsdóttir  
Þorvaldur Ingvarsson  
Þórður Þórkelsson

## 2005

Atli Dagbjartsson  
Ástríður Stefánsdóttir  
Birna Jónsdóttir  
Brynjar Viðarsson  
Drífa Freysdóttir  
Eyþór H. Björnsson  
Friðrik Sigurbergsson  
Gísli H. Sigurðsson  
Guðmundur Þorgeirsson  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Guðrún Zoëga  
Gunnar Guðmundsson  
Helga Sigurjónsdóttir  
Hjörtur Gíslason  
Ingibjörg Hilmarsdóttir

Ingimundur Gíslason  
Jóhann Ágúst Sigurðsson  
Jón Högnason  
Jón Friðrik Sigurðsson  
Jón G. Stefánsson  
Karl Kristinsson  
Karl Kristjánsson  
Kristinn Tómasson  
Laufey Steingrimsdóttir  
Magnús Jóhannsson  
Martin Grabowski  
Ólafur Steingrímsson  
Páll Helgi Möller  
Rafn Benediktsson  
Reynir Arngrímsson  
Runólfur Pálsson  
Sigurjón Stefánsson  
Steinn Jónsson  
Sveinbjörn Brandsson  
Valgerður Sigurðardóttir  
Vilhjálmur Ari Arason  
Þorsteinn Blöndal  
Þórður Sigmundsson  
Þórólfur Guðnason

### Ritrynar í Læknablaðinu

1994; 80: 497  
1997; 83: 39  
1999; 85: 420  
2001; 87: 907  
2004; 90: 235